



Grensásvegi 16
108 Reykjavík
sími 581-1817
fax 581-1819

Alþingi
Erindi nr. P 122/1530
komudagur 26.3.198

Reykjavík, 25. mars 1998

Allsherjarnefnd Alþingis
Áslaug Árnadóttir nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til áfengislaga.

Foreldrasamtökin Vímlaus æska þakka fyrir þetta tækifæri til að fjalla um frumvarp til áfengislaga.

Almennt fagna foreldrasamtökin Vímlaus æska því að heildarlög um áfengismál skuli með þessu frumvarpi færð til nútímahorfs. Samtökin telja jafnframt að afgreiðsla frumvarpsins hljóti að skoðast í tengslum við önnur frumvörp sem lögð verða fram á yfirstandandi þingi og snerta heildstæða löggjöf í þessum málaflokki. Er hér átt við frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð og frumvarp til laga um fyrirkomulag áfengisverslunar. En samtökin hafa fengið bæði frumvörpin til umsagnar og þegar skilað inn umsögn um áfengis- og vímuvarnaráð.

Foreldrasamtökin Vímlaus æska eru ekki í aðstöðu til að fjalla um einstakar greinar frumvarpsins nema þeim sem snúa helst að því sviði sem starfsemi samtakanna miðast við. Þannig vilja samtökin fjalla um 10., 18. og 20. grein frumvarpsins á þeirri forsendu.

10. gr.:

Vímlaus æska fagnar því sérstaklega að haldinn skuli vörður um einn af hornsteinum íslenskrar áfengismálastefnu um takmarkað aðgengi að áfengi með því að halda fyrri lögum óbreyttum með einkaleyfi ÁTVR á smásölu áfengis. Ekki verður gengið lengra í því að rýmka söluleiðir áfengis en nú hefur þegar verið gert með afnámi einkaleyfis ÁTVR á heildsölu áfengis.


18. gr.:

Með þessari grein er afar mikilvægu ákvæði um 20 ára aldurstakmark til áfengiskaupa og veitingar eða afhendingar áfengis haldið óbreyttu. Að lækka aldurstakmark niður í 18 ár til samræmingar við kosningaaldur og sjálfræðisaldur eins og komið hefur til tals eru ekki haldbær rök í málinu þar sem samræming samræmingarinnar vegna vegur ekki þungt á móti röksemdafærslu fyrir því að halda 20 ára aldurstakmarkinu.

20. gr.:

Þessi grein vegur þungt í áfengismálastefnu þjóðarinnar. Hins vegar hefur Vímlaus æska ítrekað orðið vitni að stórfelldum brotum á núgildandi lögum án þess að hið opinbera aðhafist nokkuð. Samtökin leggja því áherslu á að yfirvöld fari að lögum og grípi til viðhlítandi refsinga gagnvart þeim sem þetta ákvæði brjóta.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Vímlausrar æsku


Aldís Þingvoldsdóttir

foreldra **SÍMINN**
89•64899